

Fimleikaþing 4. september 2021

Þingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um að tveimur málsgreinum verði bætti við 19. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

19. gr.

Laga- og reglunefnd, kjörnefnd, aga – og siða nefnd og heilbrigðisnefnd.

Laga – og reglunefnd

Nefndin er stjórn FSÍ til ráðgjafar um lög og reglur sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Nefndin vinnur að öðru leyti þau verkefni sem henni eru falin í starfsreglum.

Kjörnefnd

Nefndin tekur á móti tillögum um skipun í stjórn FSÍ og annarra trúnaðarstarfa sem kosið er til á fimleikaþingi og leggur fyrir fimleikaþing.

Aga- og siðanefnd

Aga- og siðanefnd FSÍ skal skipuð 3 mönnum. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn FSÍ og aðildarfélögin þegar kemur að málefnum sem snerta aga- og siðareglur sambandsins.

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd skal skipuð 4 mönnum. Ábyrgðarmaður skal hafa menntun á sviði heilbrigðismála s.s. Læknir, hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari eða sjúkraflutningamaður. Einnig skal hann hafa góða þekkingu á fyrstu hjálp. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og aðildarfélög sambandsins um heilbrigðismál og fræðslu.

Verði

19. gr.

Nefndir starfandi á vegum Fimleikasambands Íslands

Laga – og reglunefnd

Nefndin er stjórn FSÍ til ráðgjafar um lög og reglur sambandsins. Nefndin fer yfir tillögur að laga- og reglugerðarbreytingum. Nefndin vinnur að öðru leyti þau verkefni sem henni eru falin í starfsreglum.

Kjörnefnd

Nefndin tekur á móti tillögum um skipun í stjórn FSÍ og annarra trúnaðarstarfa sem kosið er til á fimleikaþingi og leggur fyrir fimleikaþing.

Aga- og siðanefnd

Aga- og siðanefnd FSÍ skal skipuð 3 mönnum. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn FSÍ og aðildarfélögin þegar kemur að málefnum sem snerta aga- og siðareglur sambandsins.

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd skal skipuð 4 mönnum. Ábyrgðarmaður skal hafa menntun á sviði heilbrigðismála s.s. Læknir, hjúkrunarfræðingur, sjúkraþjálfari eða sjúkraflutningamaður.



Einnig skal hann hafa góða þekkingu á fyrstu hjálp. Nefndin er ráðgefandi fyrir stjórn og aðildarfélög sambandsins um heilbrigðismál og fræðslu.

Mannvirkjanefnd

Mannvirkjanefnd skal skipuð 4 mönnum. Nefndin er stjórn FSÍ og aðildarfélögum sambandsins til ráðgjafar um fimleikamannvirki, öryggisstaðla og endurnýjun á áhöldum. Nefndin er einnig ráðgefandi fyrir félög sem eru í byggingarferli á fimleikahúsnæði, ásamt því að annast flokkun keppnissala og gerir tillögur til stjórnar FSÍ um veitingu keppnisleyfa fyrir fimleikasali til mótahalds.

Móttökunefnd og erlent samstarf

Móttökunefnd skal skipuð 4 mönnum. Nefndin skipuleggur, í samvinnu við skrifstofu FSÍ, allar heimsóknir erlendra sambandsaðila á vegum FSÍ til Íslands. Nefndin er einnig ráðgefandi fyrir stjórn FSÍ varðandi stefnumótun og þátttöku í erlendu samstarfi.

Greinargerð:

Undanfarin ár hefur mikil uppbygging í landinu á mannvirkum og aðstöðu til fimleikaiðkunar. Fleiri félög eru að verða til, þar sem vöntun er á ráðgefandi áliti sem og að öryggisstaðlar eru ekki til sem stendur hjá sambandinu. Eins telur stjórn FSÍ mikilvægt að hafa nefnd starfandi sem tekur út keppnissali og annast flokkun á þeim með tilliti til fjölda væntanlegra áhorfenda, aðstöðu keppenda, fjölmiðla og fleira.

FSÍ hefur verið að gera sig meira gildandi í alþjóðlegu samstarfi undanfarin ár, erlent mótahald í landinu hefur færst í aukana sem og metnaður til að hafa áhrif á stefnu íþróttarinnar á alþjóðlegum vettvangi. Stjórn FSÍ telur mikilvægt að setja saman nefnd sem er henni ráðgefandi er varðar stefnumótun á þessum vettvangi sem og að efla erlent móta- og viðburðahald í landinu.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____nefndar